

Til umhverfis- og samgöngunefndar vegna umfjöllunar um  
**Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2038.**

Ágæta umhverfis- og samgöngunefnd.

Þrátt fyrir innskilaða umsögn í almennu umsagnarferli áætlunarinnar í samráðsgátt óskar Súðavíkurhreppur eftir því að fá að koma eftirfarandi umsögn á framfæri við nefndina. Hér verður eðli málsins vegna einungis fjallað um jarðgangahluta áætlunarinnar.

Margt er jákvætt í samgönguáætluninni í heild og hefur því þegar verið gerð skil í umsögn. Jákvætt er að skoða þau markmið sem sett eru með hverjum hluta og tengingu við umferðaröryggi og tengingu byggða.

**Forsaga málsins** er sú að í fyrrgreindri áætlun er að finna kafla sem varðar **Jarðgangaáætlun** og er að finna frá blaðsíðu 95 og áfram í samgönguáætluninni eins og hún birtist í frumvarpsdrögum. Á bls. 96 í frumvarpsdrögum er að finna forgangsröðun jarðgangakosta, sem tölusettir eru frá 1-10. Jarðgöng milli Ísafjarðar og Súðavíkur er þar kostur nr. 5. Verður sá hlutur aðal umfjöllunarefnið hér.

**Álftafjarðargöng.** Í daglegu tali hér fyrir vestan er talað um **Álftafjarðargöng**, enda þótt markmiðið sé að tengja þessa tvo þéttbýlisstaði saman og rjúfa helsta farartálmann um Djúpveg. Sem sveitarstjóri fámenns byggðarlags við Djúp er áhugaver hvernig fjallað hefur verið um þetta verkefni til langs tíma. Með skírskotun til Súðavíkuranga eða jarðganga milli Ísafjarðar og Súðavíkur virðist sem sá kaleikur sem undir er sé færður yfir í það hlutverk að eina sem felist í verkefninu sé að tengja þessi tvö byggðarlög saman. Því fer víðs fjarri enda eru íbúar Súðavíkurhrepps ekki yfirgnæfandi fjöldi þeirra sem aka Djúpveg um Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð. Staðan í dag er sú að meginþorri allra þungaflutninga fer þessa leið auk gríðarlegrar aukningar ferðamanna ár hvert. Póstur er fluttur landleiðina til Ísafjarðarbæjar um Djúpveg, nauðsynjavörur til verslana Ísafjarðarbæjar, stærstur hluti sjávarafurða, íhlutir og varahlutir, sjávarfang úr fiskeldi og svona mætti lengi telja. Þá er eftir umferð íbúa svæðisins, bæði daglegra ferða frá Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað og umferð yfir í Súðavíkurhrepp til atvinnusóknar í báðar áttir. Þá er öll þjónusta meira og minna því marki brennd að dragast saman í Súðavík og Hólmavík í Strandabyggð sem sótt er til Ísafjarðarbæjar. Það er því í hæsta máta hjákátlegt að telja að jarðgöng milli þessara staða, Ísafjarðarbæjar við Skutulsfjörð og Súðavíkur hafi einungis með íbúa þessara tveggja staða að gera.

Líkt og fram kemur í þeirri umsögn sem þegar hefur verið send inn er hér um að ræða atriði sem Súðavíkurhreppur fagnar og markar ákveðin spor í **marga ára ferli**. Eins og fyrr er að vikið í áður inn skilaðri umsögn er hér ekki um nýjan jarðgangakost að ræða. Um fá jarðgögn hefur verið ályktað á Alþingi og Álftafjarðargöng eða göng milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Allt að einu hefur, þrátt fyrir að gerð þessara jarðganga hafi ratað á fyrri samgönguáætlunir, lítið verið um efndir verkefnisins. Þau viku af síðustu samgönguáætlun, en rötuðu aftur inn í áætlun og drög þau sem nú er fjallað um. Og það þrátt fyrir þverpólítiska samstöðu þingmanna (áður Vestfjarða) NV-kjördæmis, en Samfylkingin er það pólítiska afl sem oftast hefur flutt tillögu um gerð jarðganga milli þessara staða á Alþingi.

Vert er að vekja athygli á því að hugmyndir um jarðgögn milli Ísafjarðar og Súðavíkur eru eldri en hugmyndir um jarðgöng til Bolungarvíkur (Óshlíðargöng) sem urðu að veruleika árið 2010, en megin ástæðan voru tíð snjóflóð og grjóthrun. Engum dytti til hugar að aka þann veg sem göngi leystu af hólmi í dag með vísan til fyrrgreindrar hættu. Allt að einu eru sömu aðstæður uppi á þeim vegi sem ekið er um milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur, leiðina Djúpveg um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð.

**Aðstæðurnar á svæðinu** sem leystra yrði af hólmi með gerð Álftafjarðarganga eru þannig að engum sem hefur af svæðinu reynslu er rótt þegar þær aðstæður skapast sem valda snjóflóðahættu eða hættu á grjóthruni. Svipar þeim enda mikið til þess sem varð þess valdandi að Óshlíðargöngin voru gerð. Slyshafa orðið á fólki á Súðavíkurhlíð vegna snjóflóða þó ekki hafi orðið þar manntjón. Slíkt er þó einungis tímaspursmál. Til margra ára hefur verið reynt að fá Vegagerðina til þess að skrá grjóthrun á Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð, skemmdir á ökutækjum og uppákomur sem er að rekja til þess. Við því hefur ekki orðið enn og því ekki hægt að leggja fram tölur þar um. Snjóflóðavakt Veðurstofunnar heldur utan um snjóflóð á Súðavíkurhlíð, enda er þar vöktun og það af brýnni nauðsyn. Innan marka Súðavíkurhrepps á Súðavíkurhlíð (mörk sveitarfélaganna eru um miðja hlíðina við Brúðarhamar) eru 22 merktir og þekktir farvegir snjóflóða, sem flestir eða allir skila snjóflóðum vetur hvern. Fyrir þá sem ekki eru af svæðinu og þekkjá þennan veg er slíkt framandi. Sem sveitarstjóri hefur undirritaður starfað fyrir Súðavíkurhrepp og búið í Súðavík frá árinu 2019. Fyrstu mánuðina, sem utanbæjarnaður, velti ég talsvert fyrir mér þessum merkingum um hlíðina. Áttaði mig þó blessunarlega fyrir veturinn hvað þessar merkingar boðuðu. Frá einum (við svokallaðan Brúðarhamar sem skilur að sveitarfélögin) eru merkingar við hvern farveginn af öðrum og enda í 1 rétt áður en komið er að Súðavík. Meðfylgjandi mynd er tekin í maí 2020 sem sjá má hér fyrir neðan, en á þeim tíma telja flestir að slíkri tíð sé lokið.



Þess má geta að sveitarstjóri sá sem ritar þessa umsögn er fæddur í Reykjavík en flutti til Patreksfjarðar árið 1974. Uppalinn á því svæði sem nú telur til Vesturbyggðar. Með þá reynslu í farteskinu taldi ég mig þess fullkomlega færán að aka vegi landsins að vetrarlagi, enda átt að baki hundruði ferða milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar og yfir á Bíldudal. Var það enda svo að ég hef unnið á öllum þessum stöðum, dvalið og búið bæði á Patreksfirði og í Tálknafirði. Undir veturinn 2019/2020 var ég samt ekki búinn. Aðstæður hér á norðurhluta Vestfjarða eru allt aðrar en á suðursvæðinu. Starfs míns vegna átti ég oft erindi á fundi og einkaerinda til Ísafjarðarbæjar, enda var ekki verslun í Súðavík þegar ég kom til starfa. Veruleikinn hér á þessu hluta landsins er bara allt annar en t.a.m. í Vesturbyggð. Alvanalegt var að komast ekki færðar sinnar þar vegna veðurs, en það þýddi bara allt annað.

Eftir tvo erfiða mánuði í janúar og febrúar 2020 fékk ég pata af því að unnt væri að skrá sig hjá Vegagerðinni og fá send sms skilaboð um yfirvofandi lokanir á Súðavíkurlíð vegna yfirvofandi snjóflóða eða skyndilokana vegna snjóflóða sem höfðu fallið. Fækkaði þá aðeins þeim skiptum sem ég var fastur í Ísafjarðarbæ ásamt fleirum sem komust ekki heim. Þess ber að geta að þann vetur voru um 40 lokanir á Súðavíkurlíð mánuðina janúar, febrúar og mars 2020. Það eru hvorki meira né minna en 40 dagar af 90 dögum fyrir þá sem hafa gaman að tölum. Og lengstu lokanir vörðu meira en 60 klukkutíma. Afleiðingar þess voru að hér í Súðavík sátu fastir allir vöruflutningar um svæðið og farið var að bera á matarskorti í verslunum Ísafjarðabæjar, Bónus og Nettó. Engir að- eða fráflutningar fyrir svæðið.

**Hvert er hlutverk sveitarfélags varðandi slíkan samgöngutálma?** Hér í Súðavík lærði sveitarstjórinn nýi það fljótt hvað þetta þýðir. Skyndilokun á Súðavíkurlíð kom nýja sveitarstjóranum fljótlega sem yfirmanni almannavarna Súðavíkurhrepps í skilning um það. Að taka á móti nokkrum og upp í nokkra tugi strandaglópa á öllum tímum sólarhrings og fæða og hýsa. Vinnudagarnir urðu oft langir með Björgunarsveitinni Kofra og Rauðakrossdeild Súðavíkurhrepps ásamt þeim sem gátu lagt lið. Hér í Súðavík er ekkert gistiheimili eða hótél og því hefur ítrekað komið til þess að opna fjöldahjálparstöð fyrir þá sem innlyksa verða í Súðavík vegna lokana. Á Ísafirði er ekkert slíkt úrræði virkjað vegna fólks í sömu sporum sem festist þar en kemst ekki til Súðavíkur eða til annarra staða sem það ætlaði sér um Djúpveg. Til þess að setja þetta í samhengi er raunverulegt dæmi sem átti sér stað fyrir um 10 árum. Líðlega 100 manns festust í Súðavík yfir nótt eftir að hafa sótt jarðarför. Á þeim tíma bjó um 170 manns í Súðavík. Er það álíka og 20 þúsund manns þyrfti að hýsa í Kópavogi skyndilega að því slepptu að þar eru bæði gistiheimili og hótél og verslanir opnar allan sólarhringinn.

**Almannavarnahlutverk** er fólki hér sjálfsgæður hlutur og ekki stendur á íbúum Súðavíkurhrepps að leggja lið ef fólk er hér innlyksa vegna lokunar á Súðavíkurlíð. Og það er ekkert eðlilegt við það, en kostnaður hefur til þessa verið góðfúslega greiddur af Súðavíkurhreppi og Rauðakrossdeild Súðavíkurhrepps án stuðnings annarra. En nú er búið að leggja niður rauðakrossdeildina þannig að þessi kaleikur er í höndum íbúa, Súðavíkurhrepps og Björgunarsveitarinnar Kofra. Síðastliðinn vetur, sem var mildur í alla staði veðurfarslega, voru flest útköll á landsvísu í höndum fámennrar björgunarsveitar hér í Súðavík. Þessar tölur má fá staðfestar frá Landsbjörgu, enda fádæmi í jafn fámennu sveitarfélagi. En um 200 km eru í næsta byggða ból fyrir Súðvíkinga ef hlíðin er lokuð – 204 km til Hólmavíkur.

**Pólitíkin er tík** eins og nafn hennar bendir til. Eins og áður hefur verið vikið að eru hugmyndir um jarðgöng milli Súðavíkur og Ísafjarðar (Álftafjarðargöng) ekki ný af nálinni. Hugmyndir tegja sig lengur en að síðustu aldamótum. Eins og skipað var hér í kjördæmi kom fáum á óvart að unnt væri að ryðja hugmyndinni um Álftafjarðargöng og láta þau víkja fyrir göngum milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. „Heiðursmanna-samkomulag“ var gert á stóra sviðinu, í Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Þar var ákveðið með fulltingi þeirra þingmanna og sveitarstjórnarmanna þess tíma að koma Óshlíðargöngum í forgang og að næstu jarðgöng á Vestfjörðum yrðu Álftafjarðargöng. Síðan eru liðin mörg ár. Önnur göng litu dagsins ljós, Dýrafjarðargöng, en það var með sömu formerkjum. Bolvíkingar og Ísfirðingar, sem báðir höfðu tryggt samgöngur um svæðið misstu fljótlega áhugann á samgöngum um Djúpveg, enda voru íbúar Súðavíkurhrepps svo fámennir að þeir fengu lítt áorkað á sviði Fjórðungssambandsins, sem í vaxandi mæli hefur fengið aukið hlutverk sem málsvari fjórðungsins. Þrátt fyrir stuðning, þverpólitískan, um mikilvægi þess að tryggja og treysta þessa þjóðleið, Djúpveg, virtist áhuginn dvína. Einstaka vetur, þegar snjóflóð eru tíð á Súðavíkurlíð, vaknar þessi áhugi, en fókusinn hefur færst á samgöngur til þess að tryggja Dýrafjarðargöngum hlutverk, sem allt í einu var orðið að dýrasta legg svæðisins með farartálmann Dynjandisheiði öðru megin og svo Klettháls sem enn er ekki leystur.

**Nýr tónn.** Nú hefur bæst í þetta spil allt hávær krafa frá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, um að svæði þeirra sé sameinað miklu mikilvægara en öryggi vegfarenda um Súðavíkurhlíð og Djúpveg. Kemur þar til að fiskeldi í sjókvíum hefur snúið við langvarandi þróun atvinnulífs og framlegðar til samfélagsins. Við það má vel una og ber að fagna þeim viðsnúningi sem atvinnulíf á suðurfjörðum Vestfjarða hefur í dag. Á vettvangi Fjórðungssambands Vestfjarða kom upp sú staða á síðasta þingi að ályktun barst um það frá Strandabyggð, að næstu göng á Vestfjörðum yrði Álftafjarðargöng. Sat sveitarstjóri Súðavíkurhrepps í þeirri nefnd sem um það fjallaði í nefndarvinnu á þinginu sem kjörinn fulltrúi með atkvæðarétt Súðavíkurhrepps. Er skemmst frá að segja að afar undarleg staða kom upp þar sem fulltrúar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps mættu í nefndarvinnuna og kröfðust þess að tillögunni yrði hrundið eða breytt. Var lögð fram önnur tillaga um að Suðurfjarðargöng undir Hálfván og Mikladal yrðu næstu göng. Eftir pattstöðu þar sem hvor studdi sitt, en óvirkir og án afstöðu vildu ekki tjá sig um málið. Var þar fallist á málamiðlun um að draga báðar tillögur til baka en leggja til að farið yrði í forkönnun fyrir báða kosti samhliða og þeirri afstöðu yrði skilað í ályktun frá 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga.

Þess ber að geta að atkvæðavægi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar annars vegar og Súðavíkurhrepps hins vegar er afar ójafnt. Þingið kom sér ekki saman um að taka frekari afstöðu, enda hafa ýmsir hagsmunar að gæta enda horft til þess að enn þurfi að breikka eða tvöfalda göng undir Breiðadal- og Botnsheiði. Við það situr og er þar að mati þess sem þetta ritar, búið að kasta fyrir róða því sem fram kemur í frumvarpsdrögum að samgönguáætlun og röðun þeirra jarðgangakosta sem þar eru nefndir og tölusettir frá 1-10. Engum dylst að Vestfirðingar allir gleðjast yfir og styðja allar þær framkvæmdir sem eru svæðinu til framdráttar. Undirritaður er þar á meðal enda er þetta lífæð svæðisins.

**En um hvað er verið að ræða?** Hér voru fyrstu jarðgöng landsins boruð árið 1949 um Arnarneshamar, sem liggur norðan við Súðavíkurhlíð. Utan lagfæringa á Djúpvegi hefur fátt gerst hér í samgöngum um 200 km kafla. Lagfæringar voru hér fyrir um 3 árum á brú í Seyðisfirði og brú í Álftarfjarðarbotni. Að sönnu frábærar framkvæmdir en leystu ekki samgöngur um svæðið sem varðar þessa umfjöllum um jarðgöng og Súðavíkurhlíð. Nokkrir snjóflóðaskápar hafa litið dagsins ljós, sömu gerðar og sönnuðu ekki gildi sitt á Óshlíð og fæstir treysta. Djúpbáturinn Fagranes hefur horfið enda forsendur fyrir siglingum í deyjandi byggðina í Djúpi forsendubrestur. Á sama tíma er verið að endurnýja Breiðafjarðarferjuna Baldur, leggja veg um Teigsskóg, gjörbylta veginum um Dynjandisheiði, lagfæringar á vegi um Mikladal sem eru raunar löngu tímabærar. En næsta lítið hefur verið hreyft um þennan hættulega veg sem Súðavíkur og Kirkjubólshlíð er allan ársins hring. Það er ekki krafa þeirra sem hér nota Djúpveg að dregið verði úr framkvæmdum sem varða suðurfirði Vestfjarða. Síður en svo. En hér er lítil stemning fyrir því að mikilvægi jarðganga til að leysa af fyrrgreindar hlíðar. Strandabyggð, sem er sveitarfélag sem á verulega undir högg að sækja, á mikið undir greiðum samgöngum um Djúpveg og að ekki verði farið í aðgerðir á borð við að draga úr vetrarþjónustu vegna uppbyggingar vegarins um Dynjandisheiði.

**Raunveruleikinn.** Hér hefur annar hver íbúi í Súðavíkurhlíð ekið á grjót, inn í snjóflóð eða fest á milli snjóflóða á Súðavíkurhlíð. Hér hefur fólk gefist upp eftir erfiða vetur og flutt af svæðinu vegna samganga milli Súðavíkur og Ísafjarðarbæjar, enda talsvert um atvinnusókn og þjónustusókn milli sveitarfélaganna. Og af hverju hefur Súðavíkurhreppur ekki sameinast Ísafjarðarbæ? Kannski af því að áhugaleysi Ísafjarðarbæjar á samgöngum milli sveitarfélaganna hefur skilað því að göng milli sveitarfélaganna hafa vikið fyrir öðrum „brýnni“ verkefnum í gegnum tíðina. Þegar snjóflóð og lokuð hlíðin skilur að þéttbýliskjarna þar sem veglína er um 20 km í milli er Súðavík einangrað byggðarlag og 204 km í næsta þéttbýli. Það er ekki ofsagt að stuðningur við Álftafjarðargöng er háður því að aðrir hagsmunir séu tryggðir og hér eigum við í Súðavíkurhreppi lágstemmda rödd og fá atkvæði.

Verður ekki annað séð en að stuðningur stærsta sveitafélagsins á Vestfjörðum ráði talsvert úrslitum um hver kostur verður ofan á þegar kemur að umfjöllun á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga. Það er að sönnu nokkuð áhugavert að skoða hverjir hafa flutt tillögu til þingsályktunar um gerð Álftafjarðarganga sem sitjandi þingmenn. Að sönnu styður hvert sveitarfélag þann kost sem vísast er að færi þeim meiri ávinning. Meðan ekki verður fullur stuðningur við forgangsróðun Álftafjarðarganga sem fyrsta jarðgangakost á Vestfjörðum hljóta aðrir að sjá þar lag. Enda bíða bæði Suðurfjarðargöng undir Hálfán og Mikldal og breikkun Breiðadals- og Botnsheiðarganga í sömu röð.



Í Súðavíkurbhreppi er í dag ekki nema vísir að opinberri þjónustu; tveir starfsmenn Orkubús Vestfjarða í hlutastarfi við vöktun varaafis í Súðavík og Djúpi. Búið er að loka afgreiðslu Íslandspósts en heilsugæslu-sel er opið tvisvar í mánuði, tvo tíma í senn yfir veturinn, þegar læknir fæst frá Ísafirði. Viðbragð er fámenn björgunarsveit og vísir að slökkviliði og fjórir skráðir bráðaliðar sem geta hlaupið í fyrsta viðbragð. Önnur þjónusta er sótt til Ísafjarðarbæjar. Þetta er ekki áhlaupaverk yfir venjulegan vetur þegar snjóflóðahætta er á Súðavíkurhlíð. Um 40 lokanir á venjulegum vetri er ekki viðunandi samgöngur.

Fyrir hönd Súðavíkurbrepps er það hógvær krafa um að uppröðun jarðgangakosta, sem eru tölusettil frá 1-10, að númer 5 verði Álftafjarðargöng enda brýn nauðsyn til þess að viðhalda byggð við Djúp. Ávinningur af slíkri framkvæmd fælist m.a. í möguleika á að leggja jarðstreng frá Ísafirði til Súðavíkur og leysa af hólmi um 60 ára gamla raflínu sem liggur um Sauradal yfir í Ísafjörð. Með því má tryggja raforku fyrir kalkþörungaverksmiðju í Súðavík sem þarf 8 MW tengingu og leysa um leið raforkutruflanir og skort á raforku og vöntun á byggingarlandi í Skutulsfirði, en nægt landrymi er í Súðavík.

Fh. Súðavíkurbrepps – Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurbrepps.




## Fundur sameinaðrar almannavarnarnefndar Ísafjarðarbæjar og Súðavíkahrepps

Fundur haldinn þann 26. apríl 2022.

*Liður 3. Rauði krossinn í Súðavík – aðstæður við vegalokanir – 2022040054*

Minnisblað sveitarstjóra Súðavíkahrepps.



Veturinn 2021/2022 var nokkuð erfiður veðurfarslega fyrir okkur í Súðavíkahreppi eins og víða um land. Ófærð og illviðri voru ítrekað tilefni til lokunar á Súðavíkurhlíð, en þær voru samt ekki eins tíðar og lokanir veturinn 2019/2020. Lokanir á Súðavíkurhlíð fyrstu þrjá mánuði ársins 2020 voru nær 40.

Frá 1.1.2022 – 1.3.2022 voru lokanir 17 samkvæmt skráningu Vegagerðarinnar. Heildarfjöldi klukkustunda var 175,6 en um var að ræða lengstu lokunina frá 6.2.- 9.2., alls 64 stundir á þremur dögum. Nokkrar lokanir vantar í þá talningu fyrir veturinn, en þær eru sennilega um 22. Veruleikinn á bak við lokanir er oftast en ekki fólk sem festist í Súðavík á leið um Djúpveg á leið sinni til Bolungarvíkurh eða Ísafjarðarbæjar. Þegar lokanir hafa komið á seinnipart dags eða að kvöldi þarf að finna næturstað.

Skráðir einstaklingar sem hýstir voru í Súðavík í vetur, frá 1.1.2022 – 23.3.2022 voru alls 70.

16.1.2022: 14

23.2.2022: 7

27.2.2022: 6

28.2.2022: 6

23.3.2022: 14

Alls voru 8 óskráðir (ekki nöfn og kennitölur), sváfu í bílum og þá voru þeir ekki skráðir inn en haldið utan um fjölda. Vitað er um ca. 10 manns (aðra og óskráða) sem fengu gistingu hjá ættingjum og vinum til viðbótar við þá sem hafa verið skráðir.

Eðli málsins samkvæmt hafa lokanir oftast verið seinnipartinn eða að kvöldi og því oftast en ekki sem útkall Súðavíkureildar RKÍ hefur staðið fram á nótt. Sveitarstjóri hefur verið í þessum útköllum í flest skiptin og þá eru óvenju margar ferðir þar sem Björgunarsveitin Kofri hefur farið í útkall að aðstoða fólk sem fest hefur bíla inn í Djúpi, oftast í Kambsnesi. Ljóf skylda en útheimtir samt vinnu.

Úrræði hafa verið í formi þess að opna fjöldarhjálpstöð í íþróttahúsi Súðavíkurskóla og í Grundarstræti. Einnig hefur fólk verið komið fyrir í gistirými gegn gjaldi, en þó í undantekningartilvikum. Yfirleitt hefur enginn verið rukkaður fyrir gistiþláss.

Veturinn 2020 veitti Súðavíkurreppur Súðavíkureild RKÍ afnot af herbergi á Langeyri endurgjaldslaust til að nota sem neyðarúrræði til gistingar. Þar var komið fyrir 6 rúmum og lágmarks eldunaraðstöðu. Ástæðan fyrir staðsetningu var ekki síst í ljósi þess að covid faraldur geisaði og því ekki góður kostur að taka fólk inn í heimahús. Auk þess var settur upp sturtuklefi á baðherbergi og búnaður til þess að mæta þörfum þeirra sem þurftu að gista. RKÍ hefur misst þá aðstöðu en þessa dagana stendur yfir endurnýjun á sumarhústað sem stendur við Vallargötu (við enda fótboltavallar) og verður hann nýttur yfir vetrartímamann sem neyðarúrræði.

Þannig hefur yfirleitt um 6-10 manna hópur staðið að því að aðstoða fólk í hvert skipti; Súðavíkureild RKÍ, Björgunarsveitin Kofri og sveitarstjóri. Einnig hefur kaupmaðurinn á staðnum verið ræstur út til að elda og hafa opna verslun, bæði kvölds og morgna.

Verslun sem fyrr segir verið opnuð og bæði eldaður matur og fólk nestað í mörgum tilvikum. RKÍ hefur oftast greitt þann kostnað en einnig Súðavíkurreppur. Þó hafa margir líka verslað bæði mat og nauðsynjar á eigin vegum og greitt fyrir. Snjómokstur hefur verið lagður til af Súðavíkurreppi til þess að koma fólk niður á Langeyri í gistingu enda var snjóþungt í nokkrum tilvikum og í raun ófært innanbæjar sum skiptin. Kostnaður er ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélagið en aukið álag á bæði björgunarsveit og rauðakrossinn eins og gefur að skilja.

Þannig gert – Súðavík 26. apríl 2022,



Bragi Þór Thorgeirsson – sveitarstjóri Súðavíkurrepps.